

Bilanaleit

Ef ísmolavélin virkar ekki, er rétt að ganga úr skugga um eftifarandi atriði, áður en kallað er á viðgerðarmann:

EF ÍSMOLAVÉLIN ER EKKI Í GANGI

1. Er vélin í sambandi við rafmagn?
2. Er öryggi í lagi
3. Straumrofi í réttri stöðu?
4. Er ísboxið fullt af ísmolum?
5. Er umhverfishiti of lágur, og hefur hitastýringin því slökkt á vélinni?

ENGIN ÍSMOLAFRAMLEIÐSLA

1. Er skrúfað fyrir vatn?

EF FRAMLEIÐSLAN HEFUR MINNKAÐ UMTALSVERT


1. Er umhverfishiti eða vatnshiti of hár?
2. Er hitagjafi of nálægt ísmolavélinni?
3. Er loftstreymi að vélinni nægilegt?
4. Er molastærð rétt stillt?

ÍSMOLAR ERU EKKI AF RÉTTRI LÖGUN

1. Er vatnssía stífluð?
2. Eru dísur stíflaðar?

Þegar beðið er um viðgerð, þá hjálpar það viðgerðarmanni að gefa upp gerð vélar og númer

ÍSMOLAVÉLAR




Hrein vél - Hreinn ís

þrif

Kælitækni 
RAUÐAGERÐI 25 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 568 4580 - FAX: 568 4585

þrif

Algengasta orsök bilana í ísmolavélum er stífla í spíssum, sem eingöngu er hægt að laga með þrifum. Þegar farið er að losa um spíssa losna oft önnur óhreinindi, sem orsaka stíflu ef vélun er ekki tekin öll í sundur og þrífum. Það þarf að þrifa vel og skola vel út.




Vatnsdælu þarf að fjarlægja því oft leynast mikil óhreinindi í dælukassa. Í flestum tilfellum er þessi aðgerð ekki framkvæmanleg á staðnum, vegna þess að nota þarf mikið vatn og skola vel. Oft þarf því að vera skiptivél til staðar, þannig að þrif geti farið fram við bestu aðstæður.


Skolið vélarnar vel eftir þrif, og hendið alltaf fyrstu tveim (2) losunum af ísmolum.

þrif

Loftkælda eimsvala þarf að þrifa vel, blása eða sjúga burt allt ryk. Sama þarf að gera við vatnsdælu. Pressurými er oft það óhreint að rétt er að sápuþvo allt rýmið. Blásið síðan burt öllu vatni og látið þorna vel.



Þegar ísmolavélar eru teknar í sundur, þarf að gæta vel að því að týna ekki smáhlutum. Gott er að hafa dós til að setja smáhlutina í á meðan þrif standa yfir.



Góð umgengni og snyrtimennska auka afköst ísmolavélanna og bilanatíðni verður lægri.